

Nd. **112. Frumvarp til laga** [92. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vatnsveituframkvæmda í Vestmannaeyjum.

Flm.: Guðlaugur Gislason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 12 millj. kr. lán, sem endurlánað verði bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar til vatnsveituframkvæmda, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar. Lánið skal þó ekki nema meira en 60% — sextíu af hundraði — af áætluðum heildarkostnaði við framkvæmd verksins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nokkur athugun hefur farið fram á undanförunum árum á möguleika til lagningar vatnsveitu til almennra afnota í Vestmannaeyjum, og hefur þegar verið unnið nokkuð undirbúningsstarf í því sambandi.

Sumarið 1955 voru gerðar tilraunir með jarðboranir í Eyjum á vegum jarðhitadeildar raforkumálaskrifstofunnar. Var verkið framkvæmt í samráði við jarðfræðinga, sem töldu möguleika á, að við sjávarmálsdýpi undir Heimaey væri svonefnt grunnvatn, ef jarðlög væru svipuð og annars staðar, þar sem tekizt hefði að ná slíku vatni upp. Boraðar voru sjö holur í beina línu þvert yfir Heimaey, 40—120 m á dýpt. En því miður báru þessar boranir ekki tilætlaðan árangur. Virðist svo, að undir Heimaey, sem kaupstaðurinn stendur á, sé alls staðar um samfelld brunahraun að ræða, þegar komið er niður á sjávarmálsdýpi, og að sjór gangi inn í jarðlögin, þar sem nokkurn veginn hreinn sjór reyndist í öllum holunum nema tveimur, en í þeim varð vatnið salt, þegar farið var að dæla úr þeim til lengdar, og því saltara, því lengur sem úr þeim var dælt. Frekari tilraunir með jarðboranir verða því að byggjast á djúpbörun, ef til vill allt niður í 1000 m eða dýpra, og freista þess þannig að hitta á vatnsæð frá meginlandinu. Eru möguleikar á þessu í athugun, og hefur álits sérfróðra manna þar um verið leitað.

Þegar jarðboranir í sambandi við hugsanlegt grunnvatn báru ekki árangur, fékk bæjarstjórn Vestmannaeyja fyrir milligöngu Ásgeirs Þorsteinssonar verkfræðings, formanns rannsóknaráðs ríkisins, sérfróðan mann frá Bandaríkjunum, dr. Hickman, til Eyja til athugunar á aðstæðum og viðræðna um möguleika á vinnslu vatns úr sjó. Kom í ljós, að Bandaríkjamenn og fleiri höfðu víðs vegar um heim byggt stöðvar, þar sem unnið var neytluvatn úr sjó í mun stærri stíl en til greina kom að Vestmanneyingar þyrftu á að halda. Hins vegar var bæði stofn- og rekstrarkostnaður slíkra stöðva þá svo mikill, að óhugsandi var, að vatnsveita yrði byggð eða rekin hér á landi á þeim grundvelli. En mjög ör þróun hefur átt sér stað í þessum málum síðan og hin síðustu ár færzt nær því, að lausn geti fengizt á þessu vandamáli Vestmanneyinga eftir þessari leið. Hefur bæjarstjórn, eftir því sem hún hefur haft aðstöðu til, fylgzt með þróun þessara mála erlendis, og nýjustu upplýsingar gefa vissulega ástæðu til bjartsýni um lausn þessa máls eftir þessari leið innan skamms tíma.

Jafnhliða þessu hefur verið athugaður möguleiki á að leggja vatnsleiðslu frá meginlandinu. Hefur sú leið verið athuguð af verkfræðingum og lausleg kostnaðaráætlun gerð. Hefur verið athugað um virkjun í ákveðinni á undir Eyjafjöllum, þó að fleiri komi þar að sjálfsögðu til greina. Kemur á þessi úr tveimur uppsprettum rétt ofan við fjallsbrún í rúmlega 200 m hæð yfir sjávarmál, og er vatnsmagn hennar meira en nægjanlegt og jafnrennsli hagkvæmt. Yrði hér um rúmlega 20 km langa leiðslu að ræða út til Eyja, og virðast tæknilegir örðugleikar engir á að leggja slíka leiðslu, og kostnaður virðist ekki samkvæmt lauslegum áætlunum meiri en svo, að hægt sé að byggja vatnsveitu fyrir Vestmannaeyjakaupstað á þessari forsendu. Hins vegar er erfiðara að gera sér grein fyrir, hvort óhætt er að treysta, að leiðslan sjóleiðina frá meginlandinu út í Eyjar haldist óskemmd, þar sem vatnsleiðsla hefur aldrei áður verið lögð hér á landi við slíkar aðstæður. Vitað er, að erlendis hafa vatnsleiðslur verið lagðar á sjávarbotni mun lengri veg og ekki komið að sök.

Eftir að jarðboranir höfðu ekki borið árangur sumarið 1955, eins og áður er að vikið, var farið eftir leiðbeiningum jarðfræðinga og tilraun gerð til að ná upp grunnvatni, sem vitað var um neðan við fjallshlíðarnar inn af höfninni í Vestmannaeyjum. Jarðlag á sjávarmálsdýpi á þessum stað er þannig, að móbergslag er þar undir sandinum á 8—10 m dýpi. Var grafinn skurður niður í móbergslagið meðfram fjallshlíðunum og hann síðan fylltur aftur með grjóti og grófri harpaðri mól. Botn skurðarins var frá báðum endum látinn halla að ákveðnu marki og þar steipt vatnsþró

með aðrennsli frá öllum hliðum. Var síðan dælt úr vatnsbrunni þessum samfleytt í rúmlega einn og hálfan mánuð, og reyndist vatnsmagnið meira en menn höfðu gert sér grein fyrir, eða um 400—500 tonn á sólarhring, og saltinnihald þess ekki meira en eðlilegt er talið og almennt er í neyzluvatni.

Að athugun þessari lokinni var sett þarna upp sjálfvirk dælustöð og 450 tonna vatnsgeymir byggður allhátt í fjallshlíðinni fyrir ofan. Aðalleiðsla hefur verið lögð meðfram allri höfninni og inntök í öll fiskiðjuverin og önnur fyrirtæki, sem vinna úr sjávarafurðum og á vatni þurfa að halda, og einnig til margra stofnana annarra, þar á meðal í þvottahús bæjarins og sjúkrahús, enn fremur í öll viðleguplásskipa og báta við höfnina. Er þetta að sjálfsögðu mjög gott, svo langt sem það nær, en aukning á vatnsmagni eftir þessari leið, svo að nokkru nemi, því miður ekki fyrir hendi. Hefur vatnsveita þessi verið í gangi um rúmlega tveggja ára skeið, og fullnægir hún þörf fiskiðnaðarins ásamt sjóveitu kaupstaðarins, sem daglega dælir 2—4 þús. tonnum af klórhreinsuðum sjó til fiskvinnslustöðvanna.

En þó að fiskiðnaðinum í Eyjum hafi þannig verið séð fyrir nægjanlegu vatni og nægjanlegu magni af hreinsuðum sjó til starfsemi sinnar, liggur það alveg ljóst fyrir, að nú þegar verður að hefjast handa um lagningu vatnsveitu fyrir almenning, og eru til þess fleiri en ein ástæða. Í fyrsta lagi er það talið frumskilyrði í nútímaþjóðfélagi, að íbúar hvers byggðarlags eigi óhindraðan aðgang að og hafi tryggingu fyrir nægjanlegu neyzluvatni og vatni til heimilisþarfa. Í öðru lagi vofir sú hætta yfir Vestmanneyingum öðrum landsmönnum frekar, að neyzluvatn þeirra, eins og þess nú er aflað, verði ónothæft vegna geislavirkni af völdum þeirra kjarnorkusprenginga, sem undanfarin ár hafa farið fram í háloftunum og enn er ekki hætt við. Þessi hætta verður þó enn uggvænlegri, ef til kjarnorkustyrjaldar kynni að draga.

Af því, sem að framan er sagt, liggur það fyrir, að nokkurt undirbúningsstarf hefur verið innt af hendi og skilyrði eru nú þegar til lagningar vatnsveitu fyrir Vestmannaeyjar eða verða alveg á næstunni. En fyrir fram er vitað, að slík framkvæmd er mjög fjárfrek og erfiðleikar á fyrir ekki stærra bæjarfélag en hér um ræðir að útvega nauðsynlegt fjármagn án sérstakrar fyrirgreiðslu ríkisvaldsins, eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir.